

AUGLÝSING
um breytingar á viðmiðunarfjárhæðum
fyrir útboðsskyld kaup á vörum, þjónustu og verkum.

1. gr.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup, skulu viðmiðunarfjárhæðir fyrir útboðsskyld kaup á vörum, þjónustu og verkum sem fram koma í 1. mgr. 20. gr. laga um opinber innkaup, breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs og verða sem hér segir:

Kaup á vörum	12.000.000 kr.
Kaup á þjónustu	15.500.000 kr.
Kaup á verkum	29.000.000 kr.

2. gr.

Breyting þessi á viðmiðunarfjárhæðum tekur þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 25. mars 2015.

F. h. r.
Sigurður H. Helgason.

Hrafn Hlynsson.